

Hestar sem miðlar.

I.

Í merku þýsku tímariti (Ztschr. f. Parapsychologie, 12. h. 1928, s. 757), er sagt frá hesti, sem virðist vera ótrúlega gáfaður. Hann leysir úr reikningsdæmum, skýrir efnasambandatákn (kemiskar formúlur), svarar, þegar hann er spurður úr mannkynssögu. Hann notar við þetta bókstafi og tölu-stafi úr málmi. Fleiri hesta hefi eg séð getið um af þessu tagi, þó að tæpast jafnist nokkur á við þenna, og er ekki um tilbúning að ræða. Menn virðast ekki hafa veitt því eftirtekt, eða a. m. k. ekki sem skyldi, að hestarnir koma í vitraunum þessum fram sem miðlar, en hinir viðstöddu menn eru stillar (determinants). Menn verða að forðast þá í myndun, að hestarnir séu svona vitrir af sjálfum sér. Þeir eru, í slíkum tilraunum, miklu fremur eins og áhald, sem notað er til þess að svara spurningunum. Hver það er, sem í raun réttri svarar, eða svarið á upptök sín hjá, má fá að vita, þegar vísindalegri aðferðum verður heitt við rannsóknir þessar. En svo mun verða, þegar menn fara að þekkja stillilögumál mitt (law of determinants).

II.

Miðilsfyrirburðir af því tagi, sem nú var af sagt, eru geysilega merkilegir, m. a. vegna þess, að þeir munu alveg útrýma mjög háskalegri villu, sem nú ræður í sálufraðinni, og stendur þverlega í vegi fyrir framförum. Villa þessi

er innifalinn í því, að sálufraðingar halda, að þegar tal er átt við miðil í saðbandsástandi, þá sé að eiga við nokkurskonar klofning úr sál miðilsins. Þjóðverjar tala um Spalt-ich. En það þarf ekki mörgum erðum að því að eyða, að það getur ekki verið neinn klofningur úr meðvitund hestsins, sem sýnir þekkingu í reikningi, rúmmálsfræði og mannkynssögu. Og það þarf ekki eins gáfaða menn og prófessorar í sálufraði eru, til þess að þeim verði óumflýjanlegt að skilja, að í slíkum tilraunum, verður samband við æðri meðvitund og fullkomnari en hestsins er. Mér virðist mjög liklegt, að það muni koma í ljós þegar alt þetta mál verður rannsakað betur, að hestar – og fleiri dýr – hafa fram-úrskarandi og mjög merkilega hæfileika sem miðlar, og eiga, ef til vill, einkum mjög þýðingarmikla framtíð sem lækningamiðlar, þegar magnanir — eða lifgeislalækningar — fara að tilkast. (Bioradioþerapi, sbr. Nýal). Og í rauninni er betta ekki stórum fróðlegra en þau not af hestum til lækninga, sem þegar eru orðin (blöðvatnslækningar). Og jafnvel nú mun vera um nokkurt lifgeislánarsamband að ræða, altarf þegar góður reiðmaður situr á góðum hesti, og því fremur því vanari sem þeir eru saman og því vænna sem hvorum þykir um annan.

30. desember. 28

Helgi Pjeturss.

H. Jón 29.